

GWAJON VVNAK

437. mál, virðisaukaskattur.



Við viljum gera tvær athugasemdir vegna 9.greinarinnar, en þær eru þessar.

1. Hingað til hefur fob-verðmæti smásendinga verið SDR 20,00 eða u.þ.b. 2.000 krónur. Í lögnum er hins vegar gert ráð fyrir 1.500 króna marki. Til að halda samræmi í þessum lögum og reglugerð um hraðflutninga viljum við stinga upp á að mörkin verði þau sömu eða krónur 2.000

2. Þá er talað um í 9.grein 2.málgrein, að "Vörur sem fluttar eru til landsins af aðilum sem skráðir eru skv. 5.grein..." Hér er átt við aðila sem eru með virðisaukaskattsnúmer, og geta nota inn- og útskatts reglurnar. Í greinargerð með lögnum er talað um að ríkissjóður gæti hugsanlega haft einhverjar tekjur af einstaklingum til að mæta tekjutapi vegna þessara breytinga. Er þar væntanlega átt við að einstaklingar eru að jafnaði ekki með virðisaukaskattsnúmer, þó að svo gæti verið, og verða því að greiða virðisaukaskatt af þessum sendingum

Við það höfum við þær athugasemdir að einstaklingar eru óverulegur hluti þeirra sem fá smásendingar sem hraðsendingar og geta fallið undir þetta ákvæði. Tekjumöguleikar ríkissjóðs eru því óverulegir. Einstaklingar flytja slíkar sendingar frekar sem almennar póstsendingar, enda er löng reynsla af því að þar eru einstaklingar ekki rukkaðir um gjald vegna slíkra sendinga. Miklu skiptir að halda samræmingu í slíkri gjaldtöku burt séð frá flutningsaðila til að viðhalda trausti allra á lögum og reglum. Þó er fjöldi einstaklinga sem er með virðisaukanúmer, og má því vænta mikillar aukavinnu hjá flutningsaðilum og tollyfirvöldum til að leiðrétta skýrslur sem hefðu átt að falla undir aðila sem eru skráðir skv. 5.grein. Að auki er alls ekkert tekið á því hvernig á að tollafgreiða sendingar fyrir einstaklinga sem ekki hafa virðisaukaskattsnúmer, því leiðin sem hér er bent á er fráhrarfrá þeirri hefð sem ríkt hefur og verða mun áfram fyrir smásendingar.

Því viljum við fara fram á að fellt veði út úr 2.tölulíð 9.greinar orðin "af aðilum sem skráðir eru skv. 5.grein".

Þannig gildir undanþágan fyrir allar sendingar fyrir alla aðila. Þetta einfaldar og samræmir innheimtu á smásendingar fyrir alla flutningsaðila, fyrir alla innflytjendur. Skýrslur verði síðan gerðar fyrir allar sendingar að hærri verðmæti skv. tollskrá.

Við vonust til að hægt verði að verða við óskum um þessar breytingar og sett þær inn í lagafrumvarpið sem liggur fyrir Alþingi.

Bjarni Hákonarson

Sími 5351110

8921843

DHL Hraðflutningar ehf.

Faxafan 9

108 Reykjavík

Sími 535 1100

Fax 535 1111

Alþingi 12/1917
Erindi nr. P
komudagur 5.5.1997